

## Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

### **I - Inngangur**

Greinargerð þessi fylgir fjárhags- og framkvæmdaáætlun Sveitarfélagsins Árborgar vegna ársins 2011. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að ná hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins með það að markmiði að ná niður halla á rekstri sveitarsjóðs. Fjárhagsáætlun ársins 2011 einkennist af því að ná þarf frekari árangri við rekstrarhagræðingu og lækkun skulda.

Sveitarfélagið Árborg er skuldsett og námu heildarskuldir og skuldbindingar (þ. á m. lífeyrisskuldbindingar) í árslok 2009 alls 9.038 mkr. Hlutfall skulda A- og B-hluta sveitarsjóðs, svonefndrar samstæðu, af heildartekjum nam 206% í árslok 2009, í lok árs 2008 nam þetta sama hlutfall 209%. Skuldir sveitarfélagsins eru til komnar vegna fjárfestinga, eftir bankahrun hefur sveitarfélagið þó þurft að taka lán til að greiða af lánum. Stærstur hluti lána sveitarfélagsins er í íslenskum krónum, verðtryggðum, lítill hluti, aðeins 11%, er í erlendum gjaldmiðlum. Lánasjóður sveitarfélaga er stærsti lánveitandinn og lánaði til endurfjármögnumunar lána á árinu 2010 skv. reglum sjóðsins.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur gert sveitarfélaginu viðvart um mat sitt á alvarlegri stöðu fjármála sveitarfélagsins. Af hálfu nefndarinnar er annars vegar horft til framangreinds hlutfalls heildarskulda og skuldbindinga af heildartekjum, sem nefndin miðar við að þurfi að vera undir 150%, og hins vegar til framlegðar frá rekstri, sem var 4,4% af A-hluta og 15,9% af samstæðu árið 2009. Viðmið eftirlitsnefndarinnar er að framlegð frá rekstri sé 15-20%. Af hálfu sveitarfélagsins er aðvörun eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga tekin alvarlega og hefur sveitarfélagið gert nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist verði við fjárhagsvanda sveitarfélagsins og til hvaða aðgerða verði gripið og mun nefndin áfram fylgjast með stöðu sveitarfélagsins.

Unnið hefur verið að því að yfirfara rekstur málauflokkja og deilda til að draga úr rekstrarkostnaði. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Flest sveitarfélög í landinu standa frammi fyrir því að þurfa að endurskilgreina þjónustustig og laga reksturinn að breyttum veruleika í landsfjármálum, auk þess að þurfa að hækka álögur, a.m.k. tímabundið og draga úr framkvæmdum.

Nýjan málauflokk er að finna í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2011, þar sem þau munu taka yfir rekstur á málefnum fatlaðra frá og með næstu áramótum, verði

frumvarp til breytinga á lögum um málefni fatlaðra samþykkt af Alþingi. Sveitarfélagið Árborg hefur tekið að sér að annast ýmsa sameiginlega og sérhæfða þætti þeirrar þjónustu fyrir sameiginlegt þjónustusvæði vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi, sem 13 sveitarfélög á svæðinu standa að. Gert hefur verið ráð fyrir tekjum og útgjöldum vegna hinnar sameiginlegu þjónustu og rekstri þeirra eininga sem sveitarfélagið tekur yfir í áætlun þeirri sem fylgir greinargerð þessari.

Fjárhagsáætlun ársins 2011 sem lögð hefur verið fram til fyrri umræðu tekur mið af aðstæðum sveitarfélagsins og efnahagsspám.

## **II - Forsendur fjárhagsáætlunar 2011**

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 :

1. Útsvar :

Útsvar fyrir árið 2011 verði 13,28 %

2. Verðlag :

Verðbólga 3%

3. Aðrar forsendur :

Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir óbreyttum íbúafjölda.

4. Fasteignagjöld :

Fasteignagjöld fyrir árið 2011 verði lögð á sem hér segir :

- a. Fasteignaskattur

- i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 0,35% af heildar fasteignamati.
- ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
- iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.

- b. Lóðarleiga

- i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
- ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.

- c. Vatnsgjald

- i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1904% af heildarfasteignamati eignar.

ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m<sup>3</sup> notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m<sup>3</sup> miðað við grunnvísitölu septembermánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

- i. Fráveitugjald er 0,308% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorphirðugjald

- i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

Gjaldtegund :	120 lítra tunna	240 lítra tunna
Sorprehreinsunargjald (kr/ár)	15.660	15.660
Sorpeyðingargjald (kr/ár)	11.100	17.940
Samtals (kr/ár)	26.760	33.600

ii. Sumarhús

Heimilt er að veita 50% afslátt af sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.

Gjalddagar fasteignagjalfa verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

5. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundamálum eða vinna að mannúðarmálum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.

## **III - Helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli áranna 2010 og 2011**

### **00 Skatttekjur**

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2011 verði 95,1 millj.kr. hærri en á árinu 2010. Útsvar hækkar um 72,6 millj.kr., fasteignaskattar lækka um 12,7 millj.kr., lóðarleiga lækkar um 8,3 millj.kr. Áætlað er að framlag frá Jöfnunarsjóði hækki um 43,5 millj.kr. frá árinu 2010.

### **02 Félagsþjónusta**

Fjárheimildir til félagsþjónustunnar lækka um 11,8 millj.kr. milli ára. Lækkunin skýrist m.a. af lækkun á launakostnaði vegna starfsloka framkvæmdastjóra Fjölskyldumiðstöðvar og einnig af því að ekki er gert ráð fyrir framlagi til Leigubústaða Árborgar á næsta ári. Áætlað er að fjárhagsaðstoð aukist um 7 millj.kr. og framlag vegna greiðslu húsaleigubóta hækki um 23 millj.kr. sem einnig má rekja til lægra framlags frá ríkissjóði. Á móti þessum hækkunum ýmist hækka eða lækka aðrar deildir lítillega innan málaflokksins.

### **04 Fræðslumál**

Fjárheimildir til fræðslumála hækka um 9,3 millj.kr. milli ára. Framlag til Sunnulækjarskóla eykst um 10,7 millj.kr. sem rekja má til aukins launakostnaðar vegna fjölgunar um einn árgang í skólanum. Framlag til Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri lækkar um 17,1 millj.kr. sem rekja má til aukinnar hagræðingar. Framlag til Vallaskóla stendur í stað milli ára sem einnig má rekja til aukinnar hagræðingar. Framlag til leikskólanna Brimvers, Æskukots, Hulduheima og Jötunheima hækkar lítillega milli ára. Framlag til leikskólanna Álfheima og Árbæjar lækkar milli ára og skýrist það af lækkun í launakostnaði og auknum tekjum.

### **05 Menningarmál**

Fjárheimildir til menningarmála lækka um 4 millj.kr. milli ára. Framlag til Bókasafns Árborgar lækkar um 3,3 millj.kr. Aðrar deildir innan málaflokksins ýmist hækka eða lækka lítillega.

### **06 Íþrótt- og æskulýðsmál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 20,9 millj.kr. Innri leiga hækkar töluvert í þessum málaflokki og styrkir og framlög til íþrótt- og æskulýðsfélaga einnig. Framlag til Sundhallarinnar hækkar um 9,2 millj.kr. og framlag til Pakkhússins lækkar um 2,3 millj.kr. Aðrar deildir innan málaflokksins ýmist hækka eða lækka lítillega.

## **07 Bruna- og almannavarnir**

Fjárheimildir til málafloksins hækka um 2,3 millj.kr. sem rekja má til hækkunar á framlagi til Brunavarna Árnessýslu um sömu upphæð.

## **08 Hreinlætismál**

Fjárheimildir til málafloksins lækka um 5,9 millj.kr. Lækkunina má rekja til þess að laun lækka og sorphirðugjald hækkar um 20%. Sveitarfélagið hefur undanfarin ár greitt töluverða fjárhæð með sorphirðu en þetta er þjónusta sem ætlað er að standa undir sér og er þessi hækkun liður í því að ná því markmiði.

## **09 Skipulags- og byggingarmál**

Fjárheimildir til málafloksins lækka um 9 millj.kr. Innri leiga og fasteignaskattur af lóðum og lendum sveitarfélagsins hækkar um 10,3 millj.kr. Aðkeypt sérfræðibjónusta hefur verið skorin mikið niður og launakostnaður einnig og vegur þar þyngst að staða sérfræðings umhverfismála hefur verið lögð niður.

## **10 Umferðar- og samgöngumál**

Fjárheimildir til málafloksins hækka um 9 millj.kr. Innri leiga á gatnakerfi hækkar um 8,8 millj.kr. Kostnaður við strætó á Árborgarsvæðinu lækkar um 2,5 millj.kr. og kostnaður við strætó milli Árborgar og Reykjavíkur hækkar um 12,5 millj.kr. Vöru- og þjónustukaup hafa verið skorin niður um 9,8 millj.kr.

## **11 Umhverfismál**

Fjárheimildir til málafloksins lækka um 1 millj.kr. Lækkunina má rekja til minni þjónustukaupa.

## **13 Atvinnumál**

Fjárheimildir til málafloksins hækka um 6 millj.kr. Það sem vegur þyngst er að framlag til Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 7,1 millj.kr. fellur til á ný. Aðrar deildir innan málafloksins ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

## **21 Sameiginlegur kostnaður**

Fjárheimildir til málafloksins lækka um 20 millj. kr. milli ára. Launakostnaður lækkar um 10%, styrkir og framlög lækka, framlag til SASS hækkar og starfsmannakostnaður lækkar. Aðrar deildir innan málafloksins hækka eða lækka lítillega milli ára.

## **IV - Megináherslur**

Sveitarfélagið hefur fengið bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem réttilega er bent á að skuldahlutfall sveitarfélagsins sé yfir því sem gott getur talist. Bæjarfulltrúar D-lista hafa lagt áherslu á að sveitarfélagið nái jafnvægi í rekstri svo skuldasöfnun verði stöðvuð. Góð samstaða hefur náðst meðal allra bæjarfulltrúa um þessi markmið og ber að þakka það. Starfsfólk og íbúar hafa lagt mikið af mörkum og verður því vinnulagi viðhaldið áfram. Þessi fyrsta fjárhagsáætlun eftir kosningar ber þess merki að áherslur eru á sparnað og ráðdeild í rekstri og algeran viðsnúnning í framlegð. Afkoma samstæðu sveitarfélagsins fer úr því að vera neikvæð upp á 247 milljónir á yfirstandandi ári í að vera jákvæð um 54 milljónir. Er þetta viðsnúnningur um 301 milljón króna til hins betra. Í fyrsta sinn í sögu sveitarfélagsins, frá því það var stofnað, lækka skuldir þess milli ára. Þrátt fyrir erfiða skuldastöðu, háa vexti og samdrátt, er stefnt að því að greiða niður meira en þrjú hundruð milljónir króna af skuldum á næsta ári. Með þessum aðgerðum öllum mun takast að lækka hlutfall skulda af tekjum úr 211% í 171% en viðmið eftirlitsnefndarinnar er 150%. Áfram verður haldið á sömu braut. Áhersla hefur verið lögð á að gjaldskrár sveitarfélagsins hækki ekki meira en nauðsynlegt getur talist og eingöngu til að mæta verðlagshækkunum og auknum tilkostnaði. Hækkun í prósentum er mismunandi, frá 3% til 5%, nema gjaldskrá fyrir skólamat sem hækkar um 20%, eða 48 kr. máltíðin, og sorpgjald sem hækkar einnig um 20% til að mæta kostnaði við sorphirðu og urðun. Lóðarleiga og fasteignaskattur af íbúðarhúsnaði lækkar þar sem álagningarhlutfall er óbreytt milli ára, en fasteignamat íbúðarhúsnaðis og lóða lækkar að jafnaði um 10% milli ára. Vatnsgjald og fráveitugjald helst óbreytt milli ára að krónutölu.

Systkinaafsláttur á leikskóla og skólavistun verður óbreyttur, 25% afsláttur er veittur fyrir annað barn í fjölskyldu og frítt er fyrir þriðja barn. Afsláttur þessi gildir milli allra dagvistunarstiga, dagforeldra, leikskóla og skólavistunar. Niðurgreiðslur til foreldra vegna vistunar barna í heimahúsum verða frá og með næstu áramótum kr. 25.650 fyrir 8 tíma vistun en það er lækkun um 5%. Áfram verður frítt í sund fyrir yngri en 18 ára og hvatagreiðslur vegna tómstundaiðkunar barna og ungmenna verða sem fyrr kr. 10.000 fyrir hvert barn 6 til 18 ára. Þá verður áfram boðið upp á strætisvagnaferðir innan sveitarfélagsins og framlög til ýmissa ólögbundinna liða verða óskert þrátt fyrir erfiða tíð. Áhersla er lögð á að viðhalda þjónustu, einkum gagnvart yngstu íbúunum.

## **V - Nokkrar lykiltölur**

### **Rekstur :**

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 5.266 millj.kr. á árinu 2011. Hlutur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A-sjóði er 3.161,1 millj.kr. eða 72%. Áætlaðar skatttekjur hækka um 95,1 millj.kr. frá árinu 2010. Útsvar hækkar um 72,6 millj.kr., framlög frá Jöfnunarsjóði hækka um 43,5 millj.kr., fasteignaskattar lækka um 12,7 millj.kr. og lóðarleiga lækka um 8,3 millj.kr.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 403 þús.kr., skuldir á íbúa verða 845 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 1.272 þús.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða er jákvæð um 881,8 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 374,1 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 453,3 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 54,4 millj.kr.

Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað 537,3 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 801 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 2.458 millj.kr. sem er 46,7 % af heildartekjum og um 77,8 % af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 1.926 millj.kr.

Sveitarfélagið er stór vinnuveitandi og verða um 620 starfsmenn í 469 stöðugildum þegar flutningur á málefnum fatlaðra hefur átt sér stað og heildarlaunagreiðslur sem fyrr segir áætlaðar að fjárhæð 2.458 millj.kr.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 208,6 millj.kr. Söluverð seldra rekstrarfjármuna er áætlað 109 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 801 millj.kr. og nýjar lántökur ársins eru áætlaðar 285 millj.kr. Í neðangreindri töflu má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka.

<b>Helstu framkvæmdir og fjárfestingar sem áætlaðar eru á árinu 2011</b>	
<b>Eignasjóður :</b>	
Íþróttaaðstaða	40.000.000
Tölvubúnaður	22.000.000
Gatnagerð	26.000.000
Vörukaup BES á Stokkseyri	8.055.000
<b>Þjónustustöð :</b>	
Tækjakaup	6.000.000
<b>Fasteignafélag Árborgar :</b>	
Lokafrágangur við Sunnulækjarskóla og BES	10.000.000
<b>Fráveita :</b>	22.000.000
<b>Vatnsveita :</b>	8.400.000
<b>Selfossveitur :</b>	44.200.000

## **VI - Lokaorð**

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir umtalsverðri rekstrarhagræðingu og leitast við að lágmarka álögur á íbúa. Gjaldskrárhækkunum er haldið í lágmarki og ráðist hefur verið í hagræðingu víða. Fasteignaskattur og lóðarleiga lækkar milli ára þar sem álagningarhlutfall er óbreytt en fasteignamat lækkar um 10%.

Við gerð tillögunnar var áhersla lögð á að lágmarka útgjöld og var miklu aðhaldi beitt til að draga úr rekstrarhalla sveitarsjóðs. Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á stjórnunarstöðum hjá sveitarfélagini og þannig verið dregið verulega úr launa- og stjórnunarkostnaði. Launakostnaður á skrifstofu sveitarfélagsins lækkar um 10%. Ekki hefur verið ráðið í margar stöður sem hafa losnað og ráðningar vegna afleysinga takmarkaðar verulega. Nokkrar stöður hafa verið lagðar niður á árinu og í tillögu að breyttu skipuriti fyrir sveitarfélagið, sem er til afgreiðslu á þessum fundi, er gert ráð fyrir enn frekari breytingum á stjórnunarstöðum í átt til sparnaðar. Einfaldara og skilvirkara skipurit með þremur fagsviðum; fræðslusviði, félagsmálasviði og tækni- og veitusviði er liður í að lækka stjórnunarkostnað og auka skilvirkni með skýrum og stuttum boðleiðum. Stefnt er að því að nýta fagsviðin til að takast á við fleiri verkefni en áður. Má hér fyrst nefna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en Árborg mun í samvinnu við önnur sveitarfélög á Suðurlandi taka yfir þennan þátt. Fræðslusvið mun annast málefni grunnskólanna, leikskólanna, auk íþróttatímstunda og menningarmála. Þá sameinast starfsemi framkvæmda- og veitusviðs og skipulags- og byggingafulltrúa. Fjármálasvið er svo fjórða sviðið sem heldur utan um fjárvéstingu, launamál, bókhald og annað sem fjármálum viðkemur. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er varnaráætlun þar sem framtíðin er varin, taprekstri snúið í hagnað og skuldasöfnun breytist í skuldalækkun í fyrsta sinn frá því að sveitarfélagið varð til með sameiningu árið 1998. Forsendur myndast þá til nýrrar sóknar, atvinnuuppbryggings og síðast en ekki síst verður Árborg eftirsóknarverður búsetukostur í harðri samkeppni um atgervisfólk og fjölskyldur. Á tínum þegar 10 Íslendingar yfirgefa landið á dag er mikilvægt að búið sé í haginn fyrir nýja uppbryggingu. Með fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er lagður grunnur undir trausta uppbryggingu byggða á ráðdeild í rekstri.

Síðari umræða fjárhagsáætlunar er áætluð þann 15. desember nk. Undirbúningur að gerð þriggja ára áætlunar er hafinn og verður áætlunin tekin til afgreiðslu innan lögboðins frests.

Starfsfólk er þakkað fyrir gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunar.